

Erindisbréf umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs

I. Kafi

Skipan og umboð

1. gr.

Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs er kosin af bæjarstjórn Kópavogs, á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer, í umboði bæjarstjórnar, með málefni umhverfis, náttúruverndar og samgöngumála eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

2. gr.

Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Nefndin er kosin til fjögurra ára í senn. Á fyrsta fundi umhverfis- og samgöngunefndar fer fram kjör formanns og varaformanns.

II. Kafi

Fundir og starfshættir

3. gr.

Umhverfisfulltrúi er starfsmaður nefndarinnar og undirbýr hann fundi nefndarinnar og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum nefndarinnar sé hrint í framkvæmd. Umhverfisfulltrúi og sviðsstjóri umhverfissviðs sitja fundi nefndarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Starfsmaður umhverfis- og samgöngunefndar boðar fundi í samráði við formann nefndarinnar.

Nefndarmanni er skylt að sækja alla fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við.

Fjöldi funda umhverfis- og samgöngunefndar er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Formanni nefndarinnar er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

5. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar nefndarinnar getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá en tilkynna skal það í upphafi fundar. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmanna óskar þess.

Nefndarfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur nefndarmanna er mættur á fundinn. Nefndin getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

6. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í umhverfis- og samgöngunefnd fer eftir því sem við á skv. II. og III. kafla sbr. IV. kafla samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum nefndarinnar.

Fundir nefndarinnar skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin getur boðað á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins sem og aðra til viðræðna um einstaka mál.

Nefndarmenn skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum og á þetta ákvæði einnig við um aðra fundarmenn.

Umhverfis- og samgöngunefnd skal á fundum sínum taka fyrir öll þau erindi sem berast henni, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarstjórnar eða bæjarráðs eftir því sem við á sbr. 10. gr., nema bæjarstjórn hafi falið nefndinni fullnaðarafgreiðslu málsins. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja, hafna, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar, sviðsstjóra umhverfissviðs eða umhverfisfulltrúa.

Umhverfis- og samgöngunefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Nefndin getur vísað málum til umsagnar annarra nefnda, ráða eða embættismanna.

Nefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu.

7. gr.

Nefndin skal halda gerðarbók og ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010.

8. gr.

Umhverfis- og samgöngunefnd skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir gæta þess að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

III. kafli **Hlutverk og markmið**

9. gr.

Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. lögum um náttúruvernd 44/1999, sbr. einnig reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973, með síðari breytingum, lög um landgræðslu nr. 17/1965, lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 m.s.b. og umferðarlög nr. 50/1987.

Umhverfis- og samgöngunefnd skal móta stefnu í umhverfis-, náttúruverndar- og samgöngumálum og taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarstjórnar hvað varðar verksvið nefndarinnar.

Umhverfissvið annast framkvæmd stefnu og verkefna nefndarinnar og samskipti við aðrar stofnanir bæjarins.

Umhverfis- og samgöngunefnd skal leitast við í allri sinni ákvarðanatöku að hafa sjálfbæra þróun og hagsmuni allra bæjarbúa að leiðarljósi.

Hlutverk og verkefni nefndarinnar eru m.a. :

Á sviði umhverfis- og náttúruverndar:

Verndun svæða og fegrun lands

- Að stuðla að náttúruvernd og hafa forgöngu um að auka almennan skilning á gildi náttúruverndar og óspillts umhverfis. Hafa gát á að eigi sé gróðri, vatni né öðrum auðlindum bæjarins spillt.
- Að fjalla um fólkvanga og önnur vernduð svæði innan bæjarmarkanna.
- Að stuðla að almennri fegrun bæjarins og góðri umgengni, í samstarfi við íbúa, félagasamtök og fyrirtæki í bænum.
- Að eiga frumkvæði að bæjarvernd eða friðlýsingu náttúruminja og stofnun útivistarsvæða, fylgjast með framkvæmd bæjarverndar og friðlýsinga og gefa bæjaryfirvöldum eða Umhverfisstofnun umsögn um þau efni, eftir því sem við á hverju sinni.
- Að stuðla að auknum möguleikum almennings til útivistar og að gætt sé ákvæða 14. gr. laga um náttúruvernd um frjálsta umferð fótgangandi manna.
- Að veita árlega umhverfisviðurkenningar Kópavogs.

Stefnumótun og umhverfisfræðsla

- Mótun og eftirfylgni umhverfisstefnu fyrir Kópavogsbæ. Stefnan skal byggð á alþjóðlegum samþykktum um umhverfismál og íslenskum lögum og áætlunum um umhverfismál. Stefnan skal útfærð í Staðardagskrá 21, sem er framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun fyrir Kópavog og árangur mældur með grænu bókhaldi.
- Stuðla að aukinni umhverfisvitund og umhverfisvænum lífsháttum meðal íbúa, stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja í bænum með upplýsingargjöf og fræðslu.
- Vinna að merkingu náttúru- og söguminja, svo sem með uppsetningu fræðsluskilta.

Skipulag og framkvæmdir

- Að vera ráðgjafandi varðandi skipulag útivistar- og verndaðra svæða, umhirðu þeirra og framkvæmdum á svæðunum með það að leiðarljósi að spilla ekki náttúru og umhverfi. Til útivistar- og opinna svæða teljast landsvæði með ósnortna náttúru, garðsvæði, skrudgarðar, opin leiksvæði, umhverfi stofnana bæjarins, opin svæði meðfram umferðaræðum og stígakerfi bæjarins.
- Umhverfissráð er ráðgjafandi varðandi verulegar breytingar á skipulagi og gefur bæjarstjórn umsögn um þær áður en lokaafgreiðsla fer fram. Jafnframt skal nefndin fjalla um úrskurði um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 33. gr. laga um náttúruvernd.
- Nefndin skal m.a. fylgjast með landnyttjum, gróðurvernd, akstri utan vega og umgengni.

Önnur umhverfisverkefni

- Almenn og sértæk ráðgjöf til bæjarstjórnar Kópavogs um umhverfismál.
- Að stuðla að auknum möguleikum almennings til útivistar.
- Hafa eftirlit með því að unnið sé að markmiðum laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og koma með tillögur um úrbætur í þeim efnum. Stuðla að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu eftir því sem hagkvæmt þykir m.a. með fræðslu og kynningu til íbúa bæjarins.

Á sviði samgangna og umferðarmála:

- Vinna að samgöngustefnu fyrir Kópavogsbæ sem fjallar um vistvænar samgöngur og hjólreiðar í bæjarfélaginu og gerir tillögur að forgangsroðun framkvæmda á sviði samgöngumála.
- Móta stefnu í umferðaröryggismálum, sem hluta af samgöngustefnu, og fjalla um og ákveða aðgerðir til að auka umferðaröryggi. Fylgjast með skráningu og tíðni slysa og óhappa í umferðinni.
- Að fylgjast með ástandi og merkingu vega, gatna og stíga í bæjarfélaginu og gera tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur.
- Veita bæjarstjórn almenna og sértæka ráðgjöf um samgöngumál m.a. móta stefnu á sviði almenningssamgangna m.a. með því að fjalla um leiðarkerfi og þjónustu Strætó B.S.

10. gr.

Fundargerðir umhverfis- og samgöngunefndar skulu teknar á dagskrá bæjastjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til umræðu. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir enda sé í fundargerð nefndarinnar skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlan með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi. Ef mál varðar fjárhagslegar skuldbindingar bæjarins umfram fjárhagsáætlun skal nefndin vísa tillögu sinni til bæjarráðs.

11. gr.

Umhverfis- og samgöngunefnd vinnur að markmiðum sínum með stefnumótandi samþykktum og ákvörðunum sem taka mið af samþykktri stefnu umhverfis- og samgöngunefndar og bæjarstjórnar í málefnum varðandi umhverfis- og samgöngumál.

IV. kafli

Hæfi og skyldur nefndarmanna

12. gr.

Umhverfis- og samgöngunefnd skal leitast við í allri sinni ákvarðanatöku að hafa hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra.

Kjörnir fulltrúar, nefndarmenn og stjórnendur sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við sveitarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru vísast til samþykktar bæjarstjórnar frá 12. maí 2009, um siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa og stjórnenda.

Nefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi nefndarmanna gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, bæjarmálasamþykkt Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Um hæfi starfsmanna umhverfis- og samgöngunefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

13. gr.

Umhverfis- og samgöngunefnd hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið nefndarinnar. Nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki umhverfissviðs. Kjörnir fulltrúar koma ekki að ráðningarvaldi umfram lögboðnar

umsagnir, sbr. 61. og 62. grein bæjarmálasamþykktar.

Rekstur stofnana, starfsmannamál og gerð fjárhagsáætlunar er á ábyrgð sviðsstjóra umhverfissviðs og viðkomandi deildarstjóra. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir innan embættismannakerfisins fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

Umhverfis- og samgöngunefnd kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum.

V. Kafli
Gildistaka
14. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum bæjarstjórnarlaga nr. 45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar 538/2010, sbr. br. 217/2011. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs og tekur gildi 12. janúar 2012.